

6. gr.

Stjórn sjóðsins semur ársreikning fyrir 15. febrúar næsta árs og skulu þeir endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Með samhljóða samþykki sjóðsstjórnar, samþykki dómsmálaráðuneytisins og samþykki aðalfundar félagsins má breyta ákvæðum skipulagsskrár þessarar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á skipulagsskrár þessari.

TILKYNNING

frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Samkvæmt tillögu stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og staðfestingu sjávarútvegsráðherra hefur verið ákveðinn verðgrunnur fyrir söltuð þorsflök framleidd í desember 1982:

Söltuð þorsflök	U.S. \$ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up	3 850,00
Flokkur A 400/700	3 650,00
Flokkur A 200/400	3 450,00
Flokkur A 100/200	3 050,00
Flokkur B 700/up	3 400,00
Flokkur B 400/700	3 200,00
Flokkur B 200/400	2 800,00
Flokkur B 100/200	2 400,00

Verðbil verður 4% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnu verðbili.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Dagleg umsjón og rekstur Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er í höndum gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands, Austurstræti 14, Reykjavík.

Reykjavík, 9. desember 1982.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins.